



Fundargerð

57. fundur menningar- og þjónusturáðs Reykjanesbæjar, haldinn að Tjarnargötu 12
27. september 2024, kl. 08:30

Viðstaddir: Trausti Arngrímsson formaður, Adam Maciej Calicki, Elfa Hrund Guttormsdóttir, Eva Stefánsdóttir og Sverrir Bergmann Magnússon.

Að auki sátu fundinn Halldóra Guðrún Jónsdóttir, sviðsstjóri menningar- og þjónustusviðs, Guðlaug María Lewis menningarfulltrúi, Sóley Guðjónsdóttir fulltrúi ungmennaráðs og Aðalheiður Ósk Gunnarsdóttir ritari.

Birgitta Rún Birgisdóttir boðaði forföll og sat Adam Maciej Calicki fundinn í hennar stað.

* * *

1. Menningarverðlaun Reykjanesbæjar 2024 (2024090667)

Menningar- og þjónusturáð felur menningarfulltrúa að auglýsa eftir tillögum að verðugum handhafa menningarverðlauna Reykjanesbæjar 2024.

2. Safnahelgi á Suðurnesjum 2024 (2024010424)

Söfn, setur og sýningar á Suðurnesjum bjóða upp á sameiginlega dagskrá helgina 25.-27. október 2024 og nefnist þessi árlegi viðburður Safnahelgi á Suðurnesjum. Markmiðið er að kynna fyrir íbúum og landsmönnum hin fjölbreyttu söfn og sýningar sem sveitarfélögin á Suðurnesjum bjóða upp á. Þetta er liður í menningarferðaþjónustu svæðisins. Athygli er vakin á því að ókeypis er inn á öll söfnin af þessu tilefni. Dagskrá verður að finna á vefsíðunni safnahelgi.is. Sveitarfélögin fjögur á Suðurnesjum hafa unnið sameiginlega að undirbúningi dagskrárinnar og er verkefnið stutt af Uppbyggingarsjóði Suðurnesja. Ráðið hvetur íbúa til að taka virkan þátt í safnahelginni.

3. Lýðheilsu- og forvarnarvika Reykjanesbæjar 2024 (2024080331)

Menningarstofnanir Reykjanesbæjar taka fullan þátt í heilsu- og forvarnarviku dagana 30. september til 6. október, enda sterk tengsl á milli menningariðkunar af margvíslegu tagi og bættrar heilsu.

4. Listaskóli barna 2024 (2024090673)

Skýrsla Höllu Karenar Guðjónsdóttur um Listaskóla barna 2024 lögð fram.

Menningar- og þjónusturáð þakkar fyrir skýrsluna og lýsir yfir ánægju með frábært starf í Listaskóla barna.

5. Erindi frá Leikfélagi Keflavíkur (2024090679)

Leikfélag Keflavíkur óskar eftir styrk frá Reykjanesbæ til að endurnýja pallakerfi hússins. Menningar- og þjónusturáð vísar málinu til vinnu við fjárhagsáætlunargerð.

6. Hugmynd að útilistaverki (2024060080)

Menningar- og þjónusturáð þakkar Guðmundi R. Lúðvíkssyni fyrir kynningu á hugmynd sinni að útilistaverki í Reykjanesbæ. Að fenginni umsögn frá Listasafni Reykjanesbæjar, sem hefur umsjón með útilistaverkum bæjarins, telur menningar- og þjónusturáð að ekki séu réttar forsendur til kaupa á slíku verki að svo stöddu.

7. Staðsetning herpotu á Ásbrú (2024090669)

Eva Kristín Dal forstöðumaður Byggðasafns Reykjanesbæjar mætti á fundinn.

Rætt var um staðsetningu Phantom herpotu byggðasafnsins.

8. Mælaborð menningar- og þjónusturáðs 2024 (2024090668)

Halldóra Guðrún Jónsdóttir sviðsstjóri menningar- og þjónustusviðs fór yfir mælaborð sviðsins fyrstu 6 mánuði ársins.

9. Stefna um starfsmannaíbúðir á Suðurnesjum - beiðni um umsögn (2024080039)

Umhverfis- og skipulagsráð Reykjanesbæjar óskar eftir umsögn um drög að stefnu um starfsmannaíbúðir á Suðurnesjum, sem er samstarfsverkefni Reykjanesbæjar og Suðurnesjabæjar.

Formanni menningar- og þjónusturáðs er falið að senda inn umsögn fyrir hönd ráðsins.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:00.